

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 1049 — 631. mál.

Frumvarp til laga

**um breytingu á [lögum um veiðigjald, nr. 74/2012, með síðari breytingum](#)
(endurreikningur veiðigjalds 2018).**

31.05.18

Umsögn mín um ofangreind lög um veiðigjöld.

Að tengja veiðigjöld við afkomu útgerða er afleitt á meðan ekki er tekið tillit til veiðigjalda sem megandi útgerðir innheimta af smærri útgerðum í formi kvótaleigu.

Þessi veiðigjöld eru 10-falt hærri en þau sem talin eru upp í þessu frumvarpi og renna beint í vasa útgerðanna en ekki í ríkissjóð. Það að geta leigt þjóðareign og stinga afrakstrinum í eigin vasa gengur í berhögg við yfirlýsingu þessara laga að íslenskur sjávarútvegur er ekki ríkisstyrktur. Þetta vekur mann til umhugsunar um það hvort sjávarauðlindin geti í raun talist þjóðareign.

Mín tillaga er sú að ríkissjóði verði gert kleift að hámarka arð sinn af sjávarauðlindni með leigu aflaheimilda á almennum markaði. Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja að allir sætu við sama borð. Sem að mínum dómi er grundvallaratriði í lýðræðisríki.

Sjái þingmenn sér ekki fært að verða við þessum tillögum mæli ég með því að bætt verði inn einni aukagrein í þessi lög sem kveður á um það að sjávarauðlindin sé ekki lengur í þjóðareign.

Kveðja, Lýður Arnason.